

Elín Ebba er framkvæmdastjóri Hlutverkaseturs og dósent við heilbrigðisvísindadeild í iðjuþjálfunarfræðum við Háskólann á Akureyri. Hún berst fyrir auknu jafnræði fyrir fólk með mismunandi hæfileika og atgervi, og fer ótroðnar slóðir í þeim efnum. Í starfi hennar er gengið út frá því að allir hafi nokkuð fram að færa til samfélagsins og að erfið lífsreynsla geti skapað verðmæti.

Elín Ebba er vinsæll fyrirlesari sem á auðvelt með að ná til fólks vegna þeirra hugmynda sem hún byggir starfs sitt á, lifandi framsagnarmáta, léttleika og orku. Hún veitir fólki innblástur, þar sem hún tvinnar saman eigin reynslu, fagþekkingu og rannsóknarniðurstöðum.

Elín Ebba vann lengst af hjá hinu opinbera, sem forstöðuiðjuþjálfari á geðheilbrigðisviði. Meðfram þeirri vinnu hefur hún barist ötullega fyrir þeirri hugmyndafræði sem hún trúir á. Hún hefur unnið sjálfstætt, haldið fyrirlestra, vinnustofur og námskeið, og unnið að verkefnum í samstarfi við aðra sem aðhyllast sömu hugmyndafræði. Hún hefur barist gegn fordómum í garð geðsjúkra og fyrir fjölbreyttari meðferðarúrræðum.

Full af eldmóði og ákafa heldur Elín Ebba ótrauð áfram baráttunni við að koma almenningi, geðheilbrigðisþjónustunni og stjórnvöldum í skilning um að fólk með geðraskanir búi yfir hæfileikum og færni sem ekki séu nýtt og að vandinn liggi ekki einvörðungu hjá einstaklingunum sjálfum heldur jafnframt í umhverfisþáttum. Máli sínu til stuðnings hefur hún nýtt eigin rannsóknir auk erlendra bata- og notendarannsóknna. Í fyrirtæki Elínar Ebbu, Hlutverkasetri, hefur hún skapað notendum störf þar sem þeir eru samstarfmenn hennar, taka þátt í allri starfseminni, móta stefnu og þróa fyrirtækið.

Elín Ebba hefur fóstorað, með beinum stuðningi og leiðsögn, ýmsar nýjungar sem hlotið hafa athygli, lof og viðurkenningar. Má þar nefna forvarnarverkefnið *Geðrækt* en tvær hugmyndanna þar komu úr hennar smiðju; „*Geðorðin tíu*“ og „*Geðræktarkassinn*“. *Hugarafll*, baráttufélag geðsjúkra fyrir breyttum áherslum og fjölbreyttara vali meðferðar og ný aðferðafræði í notendarannsóknnum - NsN - þar sem notendur framkvæma gæðaeftirlit á geðheilbrigðisþjónustu og gera tillögur um úrbætur.